DV

# Mánudagur 4. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Þvottabirnirnir (13)** (Raccoons) Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.15 **Ruslatunnukrakkarnir.** (Garbage Pail Kids) Bandarískur teiknimyndaflokkur. Krakkahópur, sem breytt hefur útliti sínu með ótrúlegum hætti, lætur sér fátt fyrir brjósti brenna í baráttu sinni fyrir réttlæti. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Magni mús.** Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
19.20 **Ambátt.** (Escrava Isaura) Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Á fertugsaldri.** (Thirtysomething) Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.20 **Allt í uppnámi.** Welsk sjónvarpsmynd frá 1987. Leikstjóri Endaf Emlyn. Aðalhlutverk Arwel Gruffydd og Judith Humphreys. Blaðaútgefandi í welskum smábæ á erfitt með að sætta sig við þær breytingar sem orðið hafa á bæjarlífinu. Hann reynir að spyrna við fótum en á jafnvel í erfiðleikum með sína eigin fjölskyldu. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Leynilöggan,** Inspector Clouseau. Sérstakar rannsóknaraðferðir leynilögreglumannsins heimsfræga, Clouseau, draga að vanda langan dilk á eftir sér. Hér fæst hann við bankarán sem dregur hann heimshorna á milli. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Frank Finaly og Delia Boccardo.
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt innskotum um þau mál sem hæst ber hverju sinni um víða veröld.
20.00 **Mikki og Andrés,** Mickey and Donald. Uppátæki þeirra félaga koma allri fjölskyldunni í gott skap.
20.30 **Kæri Jón, Dear John. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með gamansömu yfirbragði. Aðalhlutverk: Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.**
**21.00 Dagbók smalahunds,** Diary of a Sheepdog. Hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Lokaþáttur.
22.20 **Ég drap manninn minn. . .** I Shot My Husband. . . Hún skaut eiginmann sinn tveimur skotum þar sem hann lá sofandi í rúminu. Konan, sem verknaðinn framdi, heitir Madelyn Diaz. Var þetta morð að yfirlögðu ráði? Við réttarhöldin yfir henni árið 1985 var hún sýknuð á þeim forsendum að hinn látni eiginmaður hefði misþyrmt og misnotað hana á hroðalegan hátt.
23.15 **Stræti San Fransiskó,** The Streets of San Francisco. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
0.05 **Fláræði,** Late Show. Njósnarinn Ira Wells er sestur í helgan stein. Þegar gamall samstarfsmaður hans, Harry Regan, finnst látinn tekur hann til við fyrri störf. Þegar Harry er myrtur er hann að vinna að mjög einkennilegu og dularfullu máli, nefnilega kattarhvarfi. Aðalhlutverk: Art Carney, Lily Tomlin, Bill Macy og Eugene Roche. Stranglega bönnuð börnum.
1.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Sólveigu Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (5). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Orlofs- og kynnisferðir á vegum bændasamtakanna. Agnar Guðnason flytur.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Blindur er bóklaus maður. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (9).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Gestaspjall** – Frá því þegar (lang)amma var ung. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Múmínálfarnir heimsækja Barnaútvarpið. Umsjón: Sigurlaug Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Ludvig van Beethoven.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Fyll'ann,** takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
19.37 **Um daginn og veginn.** Magni Guðmundsson hagfræðingur talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (5). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlist frá árunum 1150–1550.** Tónlist eftir Johannes Ockenheim, Josquin Desprès, Clemens non Papa og fleiri. (Af hljómdiskum)
21.00 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (8).
22.00 **Fréttir.**
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.20 **Bardagar á Íslandi** – Og urðu þá manndrápin. Fjórði þáttur af fimm um ófrið á Sturlungaöld: Haugsnesfundur. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
9.03 **Morgunsyrpa.** Óskar Páll Sveinsson. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Margréti Blöndal.
14.05 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkki og leikur nýju lögin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Hlynur Hallsson og norðlenskir unglingar.
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Ólafs Þórðarsonar. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01).
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri.) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á rás 1.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Morgunþáttur fyrir fólk sem vill fylgjast með því sem er að gerast í þjóðlífinu.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Með rómantíkina á hreinu og ljúfu lögin sem þú vilt heyra.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Gömlu lögin, nýju lögin og allt þar á milli. Óskalög og afmæliskveðjur.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Hér er tekið á málefnum sem varða okkur öll, leggðu þína skoðun fram og taktu þátt í umræðunni. Síminn í Reykjavík síðdegis er 61-11-11.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
**20.00 Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþróttadeildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá **Dodda.**
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 10, 11, 12, 13 og 14.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** mættur á morgunvaktina. Fylgst með málefnum líðandi stundar og fólk tekið tali. **Fimm fréttamenn með fréttir kl. 8 og 10.**
**9.00 Gunnlaugur Helgason.** Ávallt ungur í anda og hress í bragði. Hádegisverðarpotturinn, Bibba í heimsreisu o. fl. **Fréttastofan kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
**14.00 Margrét Hrafnsdóttir.** Nýjustu og heitustu lögin í dag. Kl. 16.30 er Stjörnuskáld dagsins valið og kl. 18.15 er Talað út: Eldhúsdagsumræður í léttum dúr og ljúf tónlist. **Fréttir kl. 14 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
**19.00 Kristófer Helgason.** Tónlist fyrir fólk á rúntinum, í útilegu, heima að hvíla sig eða hvar sem er. Síminn hjá Kristó er 68-19-00. Hringdu og vertu með.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **Ókynnt tónlist.**
16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.00 **Stjáni stuð.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Laust.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Búseti.**
17.30 **Heimsljós.** Kristilegur tónlistarþáttur með lestri úr Guðs orði. Umsjón: Ágúst Magnússon.
19.00 **Bland í poka.** Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
21.00 **Frat.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigþórssyni.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** a la Ívar & Sigþór.

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Sápuópera.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
19.00 **Dark Night of the Scarecrow.** Kvikmynd.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Flight 90: Disaster on the Potomac.**
14.40 **The Treasure of Swamp Castle.**
17.00 **Tora, Tora, Tora.**
19.00 **A Bunny's Tale.**
21.00 **Trouble in Mind.**
23.00 **Boxcar Bertha.**
00.40 **The Hitchhiker.**
01.00 **Eye of the Tiger.**
03.00 **A Bunny's Tale.**

## EUROSPORT

9.00 **Snóker** Opna Asíumótið.
10.00 **Blak.** Evrópumeistaramót kvenna í Hamborg.
11.00 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót á Ítalíu.
12.00 **Snóker.** Opna Asíumótið,
13.00 **Rugby.** Bretar á keppnisferð í Ástralíu.
14.00 **Knattspyrna.** Frá rússnesku 1. deildinni.
15.00 **Kappakstur.** Keppni í Englandi.
16.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
17.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
18.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
19.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
20.00 **Kappakstur.** Keppni í Englandi.
21.00 **Hnefaleikar.**
22.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Poppþáttur.**
17.30 **Foley Square.**
18.00 **High Chaparral.** Vestraþáttur.
18.55 **Cassie og Co.** Sakamálaþáttur.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Discovery Zone.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

## Rás 1 kl. 19.37:

# Um daginn og veginn

Í umróti ljósvakabyltingar á undanförnum misserum hefur margt breyst og mörg kennileiti í dagskránni hafa horfið.

Einn þeirra þátta sem enn standa traustum fótum á sínum stað er sá gamalkunni þáttur Um daginn og veginn sem á sinn vísa stað á mánudögum. Þótt hann standi í skugga fjölbreytts sjónvarpsefnis á þessum tíma eru margir sem leggja eyrun við því þarna koma fram athyglisverð sjónarmið um landsins gagn og nauðsynjar og það sem efst er á baugi hverju sinni.

Í kvöld talar Magni Guðmundsson hagfræðingur en hann hefur áður kvatt sér hljóðs á þessum vettvangi. -Pá



Charlie Watts hefur setið við trommusettið með Rolling Stones í tæp 30 ár.

## Rás 2 kl. 22.07:

# Rokk og nýbylgja

Í þættinum Rokk og nýbylgja kynnir Skúli Helgason umsjónarmaður plötuútgáfu í septembermánuði og leikur lög af nokkrum plötum sem væntanlegar eru á markað á næstu vikum.

Meðal þeirra sem láta í sér heyra eru: Kate Bush, Sykurmolarnir, Ian McCulloch, Zeke Manyika og síðast en ekki síst Rolling Stones. Ný plata, sem ber nafnið Steel Wheels, kemur út í september. Það virðist því ekkkert lát vera á þessum síungu ellirokkurum sem eru búnir að spila saman í tæpa þrjá áratugi.

Auk þess má heyra í þættinum hip-hop tónlist, lög frá þriðja heiminum og verk íslenskra ungliðasveita. -Pá

## Stöð 2 kl. 22.20:

# Ég drap manninn minn....

Madelyn Diaz, eiginkona lögreglumanns í New York, myrti mann sinn að yfirlögðu ráði en kviðdómur sýknaði hana engu að síður af öllum ákærum þegar í ljós kom hvernig eiginmaður hennar hafði misþyrmt henni um árabil.

Sjónvarpsmynd sem fjallar um þetta viðkvæma mál og verður rætt við fjölda kvenna sem standa í sömu eða svipuðum sporum og Madelyn Diaz. Sýnd verða sýnihorn af því hvernig dómstólar í Bandaríkjunum taka á málum sem þessum.

Dómurinn yfir Madelyn Diaz markaði tímamót því þar var í fyrsta skipti tekið tillit til þess að konan taldi sig vera að verja hendur sínar. Í dag er talið að um 1.000 konur í Bandaríkjunum myrði eiginmenn sína árlega af svipuðum ástæðum og Madelyn Diaz.

En menn greinir á um hvenær taka skuli tillit til aðstæðna og hvað réttlæti morð. Eða eins og Jón Hreggviðsson sagði: „Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann?“ -Pá

## Sjónvarp kl. 21.20:

# Allt í uppnámi



Penri, sonur ritstjórans, á erfitt með að átta sig á breytingunum.

Sjónvarpsleikrit eftir welska leikstjórann Endaf Emlyn sem fjallar hér um áhrif nútímans á afskekkt sjávarþorp í Wales.

Leikritið gerist árið 1957 í þorpinu Aberheli í Wales. Rokktónlistin er í þann veginn að leggja hinn vestræna heim að fótum sér og eldri kynslóðin horfir með hryllingi á Elvis, Little Richard og Eddie Cochran trylla unglingana.

Í Aberheli berjast menn við annars konar breytingar. Sjónvarpið hefur nýlega haldið innreið sína í samfélagið og ógnar tilveru bæjarblaðsins sem hingað til hefur verið eini fjölmiðill þorpsbúa.

Sonur ritstjóra blaðsins lendir milli steins og sleggju í þeim átökum gamla og nýja tímans sem fylgja í kjölfarið.

Leikritið var allt tekið upp á welsku og mun vera eitt hið fyrsta í fullri lengd sem tekið er upp fyrir sjónvarp með welskumælandi leikurum.

-Pá